



Bæjastjórn Hafnarfjarðar
Ráðhúsi Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Kópavogi 21. október 2013

Efni: Tillaga að eigendasamkomulagi aðildarsveitarfélaga SORPU bs. um framtíðarlausnir vegna meðhöndlunar úrgangs.

Á fundi stjórnar SSH í dag var til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að eigendasamkomulagi aðildarsveitarfélaga SORPU bs. um aðgerðir til mótunar framtíðarlausna við meðhöndlun og förgun á úrgangi.

Tillagan að eigendasamkomulaginu var unnin í framhaldi af samþykkt á eigendafundi SORPU bs. hinn 2. september sl., og að gerð hennar hafa komið stjórn og framkvæmdastjóri SSH og stjórn og framkvæmdastjóri SORPU bs.

Tillagan byggir m.a. á fyrirbyggjandi samþykktri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009 – 2020, og skiptist í tvo meginkafla:

- a) Aðgerðir vegna starfsemi SORPU bs. í Álfsnesi, þ.e. uppbyggingu gas- og jarðgerðarstöðvar, aðgerða og tímasetninga við lokun á Gými, móttöku og förgun á lyktarsterkum úrgangi og aðgerða- og tímaviðmiðum vegna lokunar urðunarstaðar í Álfsnesi.
- b) Mótun framtíðarstefnu og mögulegs samstarfs sorpsamlaga sem standa að svæðisáætlun um meðhöndlun og förgun úrgangs 2009-2020 um markvissar aðgerðir á grundvelli megin tillagna í svæðisáætluninni.

Stjórn SSH samþykkti að senda tillöguna til aðildastsveitarfélaganna og leggja til að hún verði staðfest. Jafnframt var samþykkt að taka tillöguna inn á dagskrá aðalfundar SSH og stefna að því að hægt verði að undirrita samkomulagið á aðalfundinum.

Virðingarfyllst,



Framkvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson

Meðfylgjandi:

Tillaga að eigendasamkomulagi ásamt tilgreindum fylgiskjölum